




Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV – 3. tbl. 2016

Þörf á menntuðu vinnuafli


Einar Þorvaldur Eyjólfsson og Vífill Karlsson

Tæplega fimmtungur fyrirtækja á Vesturlandi hefur þörf fyrir starfsfólk með ákveðna menntun samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var í desember árið 2015. Af þeim 262 fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni töldu 46 fyrirtæki sig hafa þörf fyrir starfsfólk með ákveðna menntun eða 17,6%. Í könnuninni var ekki óskað eftir upplýsingum um hversu marga starfsmenn með viðkomandi menntun fyrirtækin teldu sig hafa þörf fyrir, þannig að eftirspurnin eftir starfsfólki gæti verið meiri en sem nemur þessari tölu.




Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við samþærilega könnun sem gerð var árið 2014, kemur í ljós að þörfin fyrir menntað starfsfólk hefur minnkað umtalsvert á milli ára en 2014 nam hlutfallið 24,9%. Það gæti verið vísbending um að fyrirtæki á Vesturlandi hafi á síðasta ári ráðið til starfa fleiri einstaklinga með ákveðna menntun, enda hefur íbúum á nokkrum svæðum á Vesturlandi fjölgað á milli ára. Þrátt fyrir að dregið hafi úr þörfinni á menntuðu vinnuafli á milli ára má engu að síður draga þá ályktun að enn sé töluverð þörf fyrir menntað vinnuafli á Vesturlandi.

Tölurnar voru næst brotnar upp eftir einstökum svæðum Vesturlands. Þá kom í ljós að þörfin fyrir menntað starfsfólk var mest á Akranesi og í Hvalfirði og svipuð í Borgarfirði. Í Dölunum var þörfin ekki mikið lægri en í Borgarfirði en nærri helmingi minni á Snæfellsnesi. Þörfin dróst saman á milli ára á öllum svæðum nema í Dölunum. Mest dró saman á Snæfellsnesi og Akranesi og í Hvalfirði.



Í könnuninni var jafnframt athugað hvers konar menntun fyrirtækjunum vantaði. Líkt og árið 2014 var mest þörf fyrir starfsfólk með iðn- og tæknimenntun. Næst mest vöntun var á starfsfólki með almenna háskólamenntun. Jafnott var nefnd þörf fyrir starfsfólk með menntun í markaðsmálum, kennaramenntun og aðra menntun. Þá var einnig vöntun á starfsfólki með menntun í ferðaþjónustufræðum, með meirapróf, viðskipta- og tölvufræði, raungreinamenntun og búfræðimenntun.



Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við könnunina árið 2014 má greina að þörfin fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk hafði minnkað sem nemur um 34,7%. Einnig hafði þörf fyrirtækja eftir háskólamenntuðu starfsfólki dregist saman en þar nemur lækkunin um 8,0%. Að auki má greina minnkandi þörf milli ára þegar litið er til kennaramenntunar, menntunar í ferðaþjónustufræðum og annarskonar menntunar. Einnig minnkaði þörfin milli ára þegar horft er til viðskipta- og tölvufræðimenntunar,







raungreinamenntunar og búfræðimenntunar. Hins vegar má greina aukna þörf á milli ára fyrir starfsfólk sem hefur menntun á sviði markaðsmála og er með meirapróf.

Niðurstöðu könnunarinnar benda til að fyrirtækjum á Vesturlandi hafi á síðustu misserum gengið betur að fá til sín starfsfólk með þá starfsmenntun sem þau hafa þörf fyrir. Aukin eftirspurn eftir starfsfólki með meirapróf og með menntun í markaðsmálum má ef til vill rekja til aukinna framkvæmda og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Vesturlandi má finna menntastofnanir á öllum skólastigum. Í öðru sæti var sérfræðiþjónusta en í þriðja sæti opinber starfsemi. Þar á eftir komu fjórar atvinnugreinar sem höfðu sambærilegt menntunarstig en það voru heilbrigðisþjónusta, veitur, önnur þjónusta og fasteignaviðskipti. Menntun starfsmanna var almennt minnst í flutningum. Myndin hér að ofan sýnir menntun starfsmanna eftir atvinnugreinum.



Í úrvinnslu könnunarinnar voru einnig dregin upp landfræðileg blæbrigði á því hvers konar menntun skorti meðal fyrirtækja á Vesturlandi. Í ljós kom að nokkuð jöfn skipting var á milli háskólamenntunar og fagmenntunar á Snæfellsnesi og á Akranesi og í Hvalfirði. Hér er fagmenntun túlkuð sem iðnmenntun og önnur sértæk fagréttindi á framhaldsskólastigi. Í Borgarfirði var miklu meiri þörf fyrir fagmenntaða en háskólamenntaða en í Dölunum var meiri þörf fyrir háskólafólk en fagmenntaða.



Í könnuninni var reynt að meta núverandi menntun starfsmanna fyrirtækjanna. Þegar niðurstöðurnar voru brotnar upp eftir atvinnugreinum kom í ljós að innan fræðslustarfsemi voru flestir með formlega menntun en á